

**33. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Þrítugasti og þriðji fundur í stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn miðvikudaginn 15. maí 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason, Sólrún Anna Jónsdóttir og Katrín Gylfadóttir

**1. Fjármál Framkvæmdasjóðsins og staða mála varðandi úthlutanir.**

Stjórn Framkvæmdasjóðsins hefur áhyggjur af því hvað styrkir fara hægt út og mun Sveinn senda beiðni á þá umsóknaraðila sem ekki hafa sent inn pappíra um verklok.

Sex aðilar hafa klárað frá 2012, sem er mjög lítið.

FF1 (2012): Sveinn mun hringja í hvern og einn og áréttu að ef framkvæmdum verður ekki lokið 15. september og búið að skila inn pappírum um verklok þá verður styrkurinn tekinn af þeim – gefa þeim sumarið.

Tillaga kom frá Sveini um að Helena Karlsdóttir lögfræðingur hjá Ferðamálastofu mundi senda út lokabréfið á styrkþega ef þeir ekki bregðast við.

FF3 (önnur úthlutun 2013) samningar sendir út í byrjun mars og engir komnir inn.

FF4 (þriðja úthlutun 2013) samningar að streyma inn

Sólrún mun senda stjórn uppfærðar upplýsingar í vikulokinn um stöðu verkefna og greiðslur. Albína mun í kjölfarið boða komu sína í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Móta þarf betri reglur um skil á Verkefnalistum!

Stjórn óskar eftir að fá einhvers konar áætlun um undirbúning frá Goðafossi vegna auka fjárveitingar.

**2. Rökstuðningur – lokaafgreiðsla vegna 3. úthlutunar 2013.**

það þarf að laga rökstuðning til ráðherra vegna hækkaðs framlags til Goðafoss og það þarf að koma skýrt fram af hverju hann er veittur.

**3. Önnur mál.**

Ráðuneytið verður að svara fyrir ferðakostnað til Mývatns þar sem fundað verður með Sveitarstjórn Skútustaðarrepps. Spurning um að leyfa landeigendum að sitja fundinn og jafnvel Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarði.

Fundi slitið 10:00

Reykjavík 15. maí. 2013/Katrín.

The image shows three handwritten signatures stacked vertically. The top signature is 'Albína Thordarson' in black ink. The middle signature is 'Guðjón Bragason' in blue ink. The bottom signature is 'Anna G. Sverrisdóttir' in blue ink.